

Fimmtudaginn 23. nóvember 1995.

Nr. 120/1994.

Íslandsbanki hf.

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

gegn

Einari Péturssyni

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

Bankabók. Handveð. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1994 og krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að viðurkenndur verði skuldajafnaðarréttur hans gagnvart kröfum stefnda. Enn fremur krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og getið er í héraðsdómi, var 17. júlí 1980 stofnuð bankabók nr. 64301 við Útvegsbanka Íslands á nafni Péturs Einarssonar, föður stefnda. Ljósrit úr bókinni liggur fyrir í málinu. Ber ljósritið með sér, að bókin hefur verið ógilt, en síðasta færsla í henni er 12. nóvember 1982. Er innstæða engin, eftir að 577.055 krónur voru teknar út þann dag. Óumdeilt er, að bókin var þá í vörslum bankans og starfsmenn hans lögðu fé þetta sama dag á hlaupareikning Péturs Einarssonar. Minnkaði yfirdráttarskuld hans á hlaupareikningnum sem því nam.

Aðilar deila hins vegar um, hvort bankanum var heimilt að millifæra féð. Heldur áfrýjandi því fram, að bankabókin hafi verið „víxilkvótabók“ til tryggingar skuldum Péturs Einarssonar, eins og nánar er rakið í héraðsdómi.

II.

Hinn 23. september 1988 ritaði Pétur Einarsson bréf til Útvegsbanka Íslands hf., sem þá hafði tekið við skuldbindingum Útvegs-

banka Íslands við innlánseigendur, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1987 um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands. Er efni bréfsins umkvartanir vegna viðskipta bréfrítara og síðarnefnds banka, en hvergi er vikið að ætlaðri heimildarlausri úttekt úr bankabók nr. 64301. Í bréfinu kemur m. a. fram, að árið 1979 hafi verið gert samkomulag um, að stofnaður yrði tékkareikningur í bankanum í því skyni, að andvirði allra seldra víxla bréfrítara „og fyrirtækja á hans vegum“ rynni í tékkareikninginn að frádregnum 10%, sem lögð skyldu inn á bankabók. Í bréfinu er tilgreint númer tékkareikningsins, en ekki bókarinnar. Þótt bankabókin, sem um er deilt í málinu, hafi ekki verið stofnuð fyrr en í júlí 1980, eins og fyrr segir, styður bréf þetta staðhæfingar áfrýjanda um, hvernig viðskiptum Péturs Einarssonar og Útvegsbanka Íslands var háttað á þessum tíma.

Samkvæmt umræddu bréfi Péturs Einarssonar átti hann um margra ára skeið viðskipti við Útvegsbanka Íslands. Pétur var kaupsýslumaður á þessum tíma og því bókhaldsskyldur. Verður að leggja til grundvallar, að honum hafi verið eða mátt vera ljóst eigi síðar en á árinu 1983, að innstæða var tekin úr bankabókinni og færð í hlaupareikning hans árið áður. Hins vegar er ekkert komið fram um, að hann hafi borið fram andmæli vegna úttektar úr bókinni fyrr en 30. mars 1989, er hann ritar bréf til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Fremst í hina umdeildu bankabók er eftirfarandi prentað: „Af innstæðu bókarinnar verður því aðeins greitt fé, að bókinni sé framvísað í bankanum.“ Samkvæmt þessu var heimild til að taka fé úr bókinni bundin handhöfn hennar. Í málinu er ekki nein vísbending um, að Pétur Einarsson hafi afhent bankanum bókinu til almennrar varðveislu gegn geymslukvittun.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, liggur fyrir óundirritað tryggingarbréf, sem dagsett er 18. júlí 1980 og ritað á eyðublað Útvegsbankans. Samkvæmt bréfinu setur Pétur Einarsson bankanum umrædda bankabók að handveði til tryggingar öllum skuldbindingum sínum við bankann. Einnig liggur fyrir ljósrit úr handritaðri veðskrá bankans, þar sem færðar eru sama dag upplýsingar sama efnis um veð í bankabókinni með þeirri innstæðu, sem í henni er á hverjum tíma. Þótt gögn þessi sýni ekki, að skriflegur samningur hafi stofnast

um handveð, styðja þau eindregið þá staðhæfingu áfrýjanda, að innstæða í bókinni hafi verið til tryggingar skuldum reikningseiganda við bankann.

Þegar það er virt og jafnframt litið til tómlætis Péturs Einarssonar, svo og þess, að bankinn var handhafi bankabókarinnar á þeim tíma, sem hér skiptir máli, verður að telja nægilega í ljós leitt, að bankanum hafi verið heimilt að ráðstafa innstæðunni með þeim hætti, sem hann gerði. Veitir gjafagerningur, sem gerður var af Pétri Einarssyni um átta árum eftir að bankabókin var eyðilögð, stefnda því engan rétt á hendur áfrýjanda. Samkvæmt því verður að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Íslandsbanki hf., skal vera sýkn af kröfum stefnda, Einarssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 400.000 krónur í málskostnað í hér-
aði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. mars 1995.

1. Ár 1994, fimmtudaginn 10. mars, er í Héraðsdómi Reykjavíkur af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara kveðinn upp dómur í máli nr. E-1709/1993, sem var höfðað með stefnu, þingfestri 2. mars 1993, og dómtekið 10. f. m.

Stefnandi er Einar Pétursson, kt. 010558-2129, Ástúni 12, Kópavogi.

Stefndi er Íslandsbanki hf., kt. 421289-5069, Kringlunni 7, Reykjavík.

Stefnandi krefst greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.836.896,70 kr. (þ. e. 577.055,07 kr. með vöxtum af almennum sparisjóðsbókum við Útvegsbanka Íslands, höfuðstólsfærðum af 577.055,07 kr. frá 12. 11. 1982 til 26. 6. 1989), ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 2. mgr. 14. gr. s. l., sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 26. 6. 1989 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar [...].

Aðalkrafa stefnda er um sýknu. Til vara hefur stefndi uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar, sem hann kveður reista á samþykktri kröfulýsingu, sem á kröfulýsingardegi, 2. júní 1989, hafi numið 2.186.172,70 krónum, auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 1. nr. 67/1989, frá 2. júní 1989 til greiðsludags, allt að frádregnum 988.720,00 krónum.

2. Hinn 17. 7. 1980 stofnaði Pétur Einarsson, faðir stefnanda, eða stofnuð var á nafni hans bankabók númer 64301 í Útvegsbanka Íslands. Allmörg innlegg eru á bókina árið 1982 og hin langstærsta 10. nóvember, 475.209,40 kr. Einnig er nokkrum sinnum tekið út fé, 71.920,40 kr., 74.315,20 kr., 35.000 kr. og að lokum 577.055,07 kr. 12. nóvember 1982, og innstæðan þar með tæmd og bókin ógilt. Samdægurs var síðastgreind fjárhæð lögð inn á hlaupareikning Péturs Einarssonar nr. 1157 í Útvegsbanka Íslands til lækkunar á yfirdráttarskuld. Vitnið Axel Kristjánsson, fyrrverandi yfirmaður lögfræðideildar Útvegsbanka Íslands, bar fyrir dóminum, að hann hefði haft eftirlit með viðskiptum bankans og Péturs, sem hefðu verið settir þeir skilmálar um víxla- og skuldabréfakaup, að viss hluti andvirðis þeirra færi inn á bók, sem bankinn hefði til ráðstöfunar og tryggingar. Kvaðst hann hafa látið taka út af þeirri bók og ráðstafa upp í skuldir, og væri það, að sig minnti, bók sú, sem um ræðir í málinu. Hins vegar væri mjög líklegt, að Pétur hefði haft fleiri sparifjábækur í bankanum.

Í bréfi Péturs Einarssonar til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands 23. 9. 1988 um viðskipti hans við Útvegsbanka Íslands kemur fram, að árið 1979 hafi verið gert samkomulag um það við bankann, að opnaður yrði tékkareikningur nr. 1157 á nafni sínu. Tilgangur með stofnun reikningsins hafi verið sá, að andvirði allra seldra víxla sinna og fyrirtækja á sínum vegum rynni inn á hann að frádregnum 10%, sem lögð skyldu inn á bankabók. Heimilt hafi verið að yfirdraga af þessum reikningi. Ávísanahefti á hann hafi verið geymd í bankanum og ávísað af honum undir eftirliti og með leyfi bankans.

Hinn 30. 3. 1989 ritaði Pétur Einarsson bankaeftirlitinu bréf, þar sem hann krafðist rannsóknar á viðskiptum sínum og bankans, m. a. greindri úttekt af bankabók nr. 64301. Leitað var umsagnar Útvegsbanka Íslands hf., sem lýsti yfir, að: „Ekki verður séð, að fengin hafi verið formleg handveðs-yfirlýsing vegna bókar þessarar, en viðskiptabréfsreglurnar um handhafa-bréf, sem sparisjóðsbókin sannanlega var, eiga að leiða til sömu niðurstöðu.“ Niðurstaða bankaeftirlitsins var sú skv. bréfi, dags. 26. 5. 1989, að bankinn hefði ekki haft ráðstöfunarrétt á innstæðu sparisjóðsbókar nr. 64301, „sem virðist hafa verið stofnuð af starfsmönnum bankans vegna viðskipta málshefjanda við bankann og verið í vörslu bankans“ án samráðs við eiganda hennar. Þessi niðurstaða er þannig rökstudd í álitsgerð bankaftirlits Seðlabanka Íslands: „Í stofnun sparisjóðsbókar felst samningur milli viðskiptabanka annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, þar sem bankinn tekur að sér að geyma og ávaxta fé, sem viðskiptamaður leggur honum til. Nema annað felist í skilmálum eða sé sérstaklega um samið milli aðilanna, hljóta einstakar kröfur bankans á hendur viðskiptamanninum að vera

óháðar sparisjóðsbókinni, og um sjálfstæðan ráðstöfunarrétt bankans á innstæðu hennar til lúkningar ótilgreindum skuldum viðskiptamannsins við bankann getur ekki verið að ræða án samþykkis eða samráðs við bókareiganda. Verður ekki annað séð en að ákvæði 15. gr. reglugerðar nr. 31 frá 1962 styðji þessa niðurstöðu.“

Pétur Einarsson sendi Útvegsbanka Íslands hf. skeyti, þar sem hann krafðist endurgreiðslu fjáris á grundvelli álits bankaeftirlitsins, en þeirri kröfu var hafnað með bréfi bankans, dags. 6. júní 1989. Innheimtutilraunir munu hafa haldið áfram, og liggur frammi kröfubréf lögmanns Péturs, dags. 29. september 1989.

Stefnandi leiðir ætlaðan rétt sinn af „Yfirlýsingu og gjafabréfi“ Péturs Einarssonar, undirrituðu í viðurvist votta í Ottawa 9. nóvember 1990, sem þinglýst var 22. s. m. Segir þar: „...gef hér með syni mínum, Einari Pétursyni, kt. 010558-2129, bankabók, sem ég stofnaði til 17. 7. '80 hjá Útvegsbanka Íslands (aðalbanka), sem nú heitir Íslandsbanki. Bók þessi hefur númer 64301. Bókin er gefin án nokkurra kvaða af minni hálfu.“ Stefnandi bar, að á ritunartíma hefði faðir sinn staðið frammi fyrir tvísýnni skurðaðgerð.

Með lögum nr. 7/1987 varð Útvegsbanki Íslands að Útvegsbanka Íslands hf. Íslandsbanki hf. var stofnaður 7. 4. 1987, og tók hann við réttindum og skyldum m. a. Útvegsbanka Íslands hf., sbr. 50. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka.

Stefnandi fól lögmanni innheimtu kröfunnar, og urðu nokkur bréfaskipti milli hans og lögfræðinga stefnda frá og með sendingu kröfubréfs lögmannsins, dags. 25. 3. 1991. Núverandi lögmaður stefnanda gerði tilraun til sáttu með ritun ýtarlegs bréfs, dags. 25. 6. 1992.

Af hálfu stefnda er lagt fram óundirritað tryggingarbréf, dags. 18. 7. 1980, þess efnis, að Pétur Einarsson setji Útvegsbanka Íslands að handveði með 1. veðrétti bankabók nr. 64301 til tryggingar öllum skuldum við bankann á hverjum tíma, einnig ljósrit, sem sagt er vera úr veðskrá Útvegsbankans, þar sem skráð er við nafn Péturs Einarssonar: „1. veðréttur í bankabók v/ Útvegsbanka Íslands nr. 64301 með þeirri innstæðu, sem í henni er á hverjum tíma“.

3. Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að umrædd bankabók hafi verið geymslubók og að skuldfærsla innstæðu hennar hafi verið heimildarlaus. Leiði meginreglur kröfuréttar því til þess, að hann eigi rétt á hendur stefnda til innstæðu sinnar í bankanum og sambærilegra vaxta og hann hefði notið, ef hin óheimila skuldfærsla hefði ekki verið gerð. Gagnvart stefnanda sé bankabók nr. 64301 ennþá til í bankanum, þar eð hann/heim-

ildarmaður hans hafi ekki gert neinar ráðstafanir til að tæma hana eða loka henni. Við útreikning höfuðstóls er farið eftir yfirliti Landsbanka Íslands um vaxtafót og miðað við höfuðstólsfærslu innstæðu einu sinni á ári í samræmi við venju um sparireikninga, en upphafsdagur dráttarvaxta miðast við þann dag, er einn mánuður hafi verið liðinn, frá því er stefndi hafi í fyrsta skipti sannanlega verið krafinn um endurgreiðslu fjárins.

Stefnandi vísar til framangreindrar álitsgerðar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Hann telur, að sérstaka yfirlýsingu um handveð eða heimild til skuldajafnaðar hefði þurft fyrir skuldfærslu af reikningi stefnanda. Engar slíkar yfirlýsingar liggi fyrir í máli þessu, og hafi bankinn sönnunarbyrði að þessu leyti. Veðréttarreglur beri að túlka þröngt, og það sé á ábyrgð bankans, að formlegir gerningar séu gerðir um handveð eða aðrar tryggingar.

Málsástæður stefnda. 1) Pétur Einarsson framseldi stefnanda verðlausan pappír, þ. e. eyðilagða bankabók. Hann hefur ekki framselt stefnanda bótakröfu vegna eyðileggingar bókarinnar, og ber því að sýkna stefnda á grundvelli aðildarskorts. 2) Stefnandi öðlast ekki betri rétt en framseljandi átti. Með skírskotun einkum til bréfs Péturs Einarssonar, dags. 23. september 1988, var um víxilkvótabók að ræða, en gagnstæð fullyrðing stefnanda verði sönnuð með því að leggja fram geymslukvittun, sem allir þeir fá, er fela banka að geyma bækur fyrir sig. Öllum skilyrðum handveðs er fullnægt, þar sem stefndi hafði einn ráðstöfunarrétt á bókinni og hún var ekki til annars stofnuð en tryggja greiðslu skulda Péturs Einarssonar vegna kaupa bankans á viðskiptavíxlum og öðrum veðbréfum af honum. Verði ekki á það fallist, að um gildan handveðssamning hafi verið að ræða, er því haldið fram, að í raun hafi verið svo um samið, að stefnda væri heimilt að skuldajafna umræddri fjárhæð við þær kröfur, sem hann átti á Pétur Einarsson. Pétri var kunnugt um ráðstöfun bankans eigi síðar en 26. maí 1989, en hann stefndi bankanum ekki vegna hennar, og er réttur stefnanda því niður fallinn sökum fyrningar eða tómlætisáhrifa. 3) Um varakröfu: „Um er að ræða kröfu, sem lýst var í þrotabú stefnanda 2. júní 1989, að fjárhæð 2.186.173 kr., og var samþykkt af skiptaráðanda. Nánar tiltekið er um að ræða skuldabréf nr. 0201-74-1388, út gefið 25. janúar 1983 af Einari Péturssyni, upphaflega að fjárhæð 260.000 kr., með lánskjaravísitölu 512. Skuldabréfið var tryggt með veði í veðskuldabréfi nr. 0201-64-1388, sem út gefið var 30. nóvember 1982 af Pétri Einarssyni til handa Sigurgeiri Sigurjónssyni, að fjárhæð 260.000 kr., háð lánskjaravísitölu (444 stigum), með 3% ársvöxtum frá útgáfudegi, tryggðu með 14. veðrétti í Brúarenda við Starhaga í Reykjavík. Á kröfulýsingardegi stóð krafan í 2.186.754,70 kr. auk innheimtuþóknunar, 112.582,20 kr., samtals 2.298.754,90 kr., auk þess sem krafist var áfallandi dráttarvaxta

og kostnaðar frá þeim tíma. Hinn 10. desember 1990 var 988.720,00 krónum ráðstafað upp í hana. Fjárhæð þessi fékkst greidd af uppboðsandvirði eignarinnar Brúarenda við Starhaga og var af stefnda ráðstafað upp í áfallna dráttarvexti.“ 4) Vaxtakröfu stefnanda er mótmælt. Telur stefndi, að 5. gr. vaxtalaga eigi ekki við og að þeir vextir séu fyrndir.

4. Ótvírætt verður talið, að framsal Péturs Einarssonar til stefnanda hafi tekið til innstæðu þeirrar, sem vera átti á bankabók nr. 64301, og er ekki fallist á, að réttur stefnanda hafi fallið niður fyrir tómlæti eða fyrir fyrningu, sbr. 1. tl. 2. gr. laga nr. 14/1905. Samkvæmt því ákvæði gildir 20 ára fyrningarfrestur um kröfu m. a. á hendur banka um endurgjald á fé (ekki endurgreiðslu á því fé), sem lagt hefur verið í sjóðinn til ávöxtunar. Dómkrafa stefnanda sætir ekki rökstuddum tölulegum andmælum. Ekki var gerður formlegur samningur um handveðsrétt Útvegsbanka Íslands í umræddri bankabók. Ekki telst sannað, að stofnast hafi handveð í innstæðu spari-reikningsins, en einhliða skjalagerð eða skráning bankans veitir ekki sönnun að þessu leyti. Til innlánsstofnana eru gerðar þær kröfur, að þær tryggi sér skýrar og ótvíræðar sannanir fyrir veðréttindum, eins og hér stendur á, sbr. H. 1990, 1250, og H. 1992, 117.

Af efni bréfs Péturs Einarssonar 23. 9. 1988, sem fyrr er til vitnað, verður ráðið, að á nafni hans hafi verið stofnuð „víxilkvótabók“, að því er virðist á árinu 1979. Ósannað er, að þar sé átt við bankabók nr. 64301 við Útvegsbanka Íslands eða að svo hafi um samist, að bankinn gæti jafnað innstæðu hennar gegn skuldum Péturs Einarssonar án atbeina hans.

Gagnkrafa stefnda er reist á skuldabréfi, sem liggur ekki frammi í frumriti, aðeins í torlæsilegu ljósriti. Stefndandi reisir andmæli eigi á þessu. Er við það miðað, að lýsing stefnda á efni bréfsins sé rétt. Stefndandi mótmælir á hinn bóginn skuldinni. Þrátt fyrir það að í greinargerð stefnda segi, að 988.720 krónum af uppboðsandvirði hafi verið ráðstafað upp í áfallna dráttarvexti, bar vitnið Oddur Ólason, lögmaður í þjónustu stefnda, að fjárhæðin hefði í bókhaldi verið færð inn á höfuðstól skuldarinnar, en vextir færðir út sem óinnheimtanleg skuld stefnanda. Á þann hátt kvað hann skýrast efni bréfs stefnda, dags. 22. nóv. 1991, til stefnanda, þar sem hann var krafinn um greiðslu vanskila, 47.718,70 kr., eftirstöðva frá uppboðsmáli. Þá liggur frammi bráðabirgðakvittun stefnda (Odds Ólasonar) til stefnanda, dags. 25. 11. '91, um greiðslu 234.500 króna vegna skuldabréfsins. „Greitt gegn niðurfellingu innheimtuaðgerða“. Greitt var með ávísun, dagsettri fram í tímenn, sem var síðan ógilt. Oddur Ólason kvað kröfu stefnda í protabúið hafa verið afturkallaða að beiðni stefnanda, svo að hann fengi búið til frjálsrar ráðstöfunar, en hann hafi aldrei fengið tilefni til að ætla, að

krafan væri niður felld. Skiptum varð ekki lokið í þrotabúi stefnanda. Staðhæfing stefnda um, að krafa hans vegna umrædds skuldabréfs hafi verið samþykkt af skiptaráðanda, styðst við skjal, sem sýnir einvörðungu ákvörðun skiptaráðanda um að taka kröfuna á kröfuskrá búsins.

Fyrir gagnkröfunni, einkum um fjárhæðir, er ófullnægjandi grein gerð. Vegna vanreifunar er hún ekki tæk til skuldajafnaðar gegn kröfu stefnanda.

Samkvæmt þessu er niðurstaða dómsins sú, að kröfur stefnanda eru að fullu teknar til greina. Málskostnaður ákveðst 350.00 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, sbr. einnig 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði stefnanda, Einari Péturssyni, 1.836.896,70 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 26. 6. 1989 til greiðsludags, og leggist dráttarvextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 26. 6. 1990.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, 350.000 krónur.
